RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R 44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

SUÐRI
HÉRAÐSFRÉTTABLAÐ
8. tölublað
5. árgangur
— 5. SEPTEMBER 2019 —

HVERGERÐINGAR Í PÓRSMÖRK

Kallar eftir efndum til að ljúka Menningarsalnum

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Miðflokksins, og varaformaður bæjarráðs Svf. Árborgar, kallar eftir því í grein í Suðra í dag að þing og ríkisstjórn komi að því að ljúka Menningarsalnum í Hótel Selfoss.

„Kostnaðaráætlunin sem lögð hefur verið fram svo ljúka megi byggingu Menningarhússins reiknast 472 mkr, brunabótamat hússins í því ástandi sem það er, er 553 mkr.. Brunabótamatið endurspeglar nálægt þann kostnað sem fer í að endurbyggja húseign. Það má því áætla að Svf. Árborg hafi nú þegar lagt til ríflega 550 mkr. í Menningarhúsið og nú er komið að ríkisvaldinu að leggja sitt af mörkum til verkefnisins. Ríkisvaldið hefur gefið fordæmi fyrir því hve hlutdeild þess er í kostnaði slíkrar byggingar og má í því samhengi nefna byggingu Hofs á Akureyri og Hörpunnar í Reykjavík. ..

Þorið þið, getið og gerið - kæru ráðherrar og þingmenn, það sem hver og einn ykkar hefur lofað okkur, að veita myndarlegu fjármagni til lúkningar Menningarhússins okkar í fjárlögum nú í haust svo koma megi því í blómlega menningarstarfsemi sem allra fyrst?," segir Tómas Ellert, sjá bls. 2.

Auðlindirnar okkar bls. 4.

Umhverfiskvíði barna bls. 6.

Bogfimimót á St-Núpi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Járnabakkar
Járnabindingavörur

Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum
• Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
• Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
• Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
• U listar á ull eða plasteinangrun
• Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
• Mótarör og kónar 10–50 mm
• Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.
Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Fjöldi sérlausna í boði, sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Hafðu samband 568 0100
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði
www.stolpigamar.is

GÆLUDÝRAFÓÐUR
ROYAL CANIN
SÉRSTAKT FÓÐUR FYRIR SÉRSTAKA HUNDA
Hill's
DÝRALÆKNAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS
STUÐLUM - ÖLFUSI - SÍMI 482-3060

þitt.is
Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári
ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Hitaveitu & gasskápar
fyrir sumarbústaði og heimili
Gæði • Þjónusta • Öryggi
Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.
Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!
VÍK BLIKKSMIÐJA
Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Tómas Ellert Tómasson skrifar:

Þora, geta og gera - ráðherrar og þingmenn?

Töluvert rennerí hefur verið af ráðherrum og þingmönnum í að virða fyrir sér eitt best varðveitta leyndarmál Suðurlands undanfarin misseri með hinum ýmsu aðilum sem láta sig leyndarmálið varða. Leyndarmálið mikla er mannvirki sem hefur staðið óklárað frá því að bygging þess hófst á áttunda áratug síðustu aldar.

Sögubrot

Á meðan að framkvæmdum leyndarmálsins stóð, lögðu ungir drengir oft leið sína á byggingarsvæðið þó afgirt væri með gaddavírsgirðingum, enda spennandi leikvöllur fyrir litla gaura þess tíma ásamt nýbyggingu Kaupfélags Árnesinga. Á byggingarsvæðið var lagt er smiðirnir voru farnir heim í faðm fjölskyldunnar, í messu, að taka slátur eða stunda annan þarfan heimilisiðnað. Á meðan voru eltingaleikir á vinnupöllum stundaðir af miklu kappi frekar en forsjá af litlum gaurum, hangandi í járnagrindum, stökkvandi á milli hæða vinnupallanna og oní pússningasand. Já, það voru leikirnir sem iðkaðir voru þá, að gera það sem ekki mátti gera með þeim efnum sem til staðar voru á þeim tíma - fyrir tíma Atari, Sinclair Spectrum, Pac-man, DOOM og Eve online. Sem betur fer slasaði sig nú enginn alvarlega á leikvellinum forboðna en skrámur, kúlur á enni og blóðdropar voru allnokkrir eftir ærsl virkra daga kvöldanna eða í lok hvíldardagana heilögu, sunnudaga.

Síðar er mannvirkið var orðið fokhelt um miðjan níunda áratuginn nýttist kjallari þess stærri og eldri gaurum með ýmsum gagnlegum hætti. Kjallarann nýttu stóru gaurarnir meðal annars fyrir afkastamikla verksmiðju til framleiðslu vatns, oft kenndu við lífið sjálft og geymslu fyrir dót sem þeim hafði hlotnast eftir allskyns dellumeikerí.

Forverinn

Forveri þessa mannvirkis, Selfossbíó var rifið um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Með niðurrifi þess hvarf vettvangur sem í áratugi hafði nýst til leik- og bíósýninga, dansleikja og ýmissa samkoma fyrir unga jafnt sem aldna.

Oft á tíðum var mikið fjör á bíósýningunum - ljósin slökkt, smjatt, pískur, lykt og popp fauk um dimman salinn ásamt bossablossabröndurum með tilheyrandi hlátrasköllum. Bönnuðu sýningarnar kölluðu svo á það að litlu gaurarnir klifruðu uppá þak til að horfa á aldurstakmarkandi bíómyndir í gegnum stórt loftræsiop er þar var statt og rúmaði að minnsta kosti þrjá litla gaura samtímis. Loftræsiopið var góður staður til að horfa á bíómynd og ígildi VIP-stúku ef starfsfólkið gleymdi að kveikja á viftunni, sem því miður fyrir litlu gaurana gerðist aldrei of oft.

Niðurrif Selfossbíós orsakaði einnig að Leikfélag Selfoss varð húsnæðislaust um tíma en félagið fékk svo inni í gamla iðnskólahúsnæðinu hvar æfingar fóru fram meðal annars á verkinu „Nakinn maður og annar í kjólfötum“ eftir Dario Fo, undir leikstjórn Erlings Gíslasonar heitins. Skemmst er frá því að segja að best varðveitta leyndarmál Suðurlands er nakið enn, en þráir að komast í kjólföt.

Opinberunin

Margir íbúar hafa lifað í voninni að eitthvað myndi fara að gerast í málefnum best varðveitta leyndarmáls Suðurlands í „nánustu framtíð“. Nánasta framtíðin er í dag orðin í það minnsta vel ríflega þriggja áratuga löng.

Fjölmargir íbúar sáu á eftir fyrrnefndu Selfossbíó er það var rifið, enda þjónaði það að hluta til því hlutverki að vera menningarhús. „Menningarhús“ er einmitt lykilorðið á lausn gátunnar. „Best varðveitta leyndarmál Suðurlands“, eins og forsætisráðherra fannst því best líst, er Menningarhús Sunnlendinga sem stendur enn ófullgert við Eyraveginn á Selfossi.

Húsið sem er um 1.000m2 að gólffleti hefur nú staðið fokhelt í á fjórða áratug þrátt fyrir fögur og síendurtekin kosningaloforð sem mörg hver eru orðin að klassíker í kosningabaráttum staðbundinna stjórnmálaflokka síðustu áratugi.

Í gegnum tíðina hafa einnig hinir ýmsu aðilar stofnað til safnanna og ýmissa hópa til að mynda þrýsting á að hafist yrði handa við að fullgera mannvirkið. Óskað hefur verið eftir fjármagni til fullgerðar þess til Selfossbæjar síðar Svf. Árborgar og einnig til ríkisvaldsins.

Ófáir fundirnir, formlegir sem óformlegir hafa einnig verið haldnir með hagsmunaaðilum um málefni hússins án þess að til fundanna væri einnig boðið blaðamönnum, ljósmyndurum og básúnuleikara.

Tími efnda er upprunninn

Nú þegar uppbygging íþrótta-mannvirkja í Svf. Árborg og annara nauðsynlegra mannvirkja eru komin á góðan rekspöl þá er engum blöðum um það að fletta að brýnasta samfélagslega verkefnið nú, er að fullgera Menningarhúsið á Selfossi. Fullgert Menningarhúsið, háborg samfélagsins mun öðru fremur styrkja samheldni og sjálfsmynd íbúa auk þess að blása þrótti í menningarlíf Suðurlandsundirlendisins alls.

Forsætisráðherra hefur nú gefið því undir fótinn að eitthvað færi að gerast í málefnum hússins bráðlega. Heimamenn eru því bjartsýnir, eftir yfirlýsingar forsætisráðherra að það gerist nú í haust er fjárlaganefnd kemur saman og að þar verði gert ráð fyrir Menningarhúsi Suðurlands á samþykkt fjárlög næsta árs.

Frumdrög og kostnaðaráætlun vegna fullnaðarfrágangs Menningarhússins hefur nú verið lögð fram og afhent ráðuneytisstjóra Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Forsendur áætlunargerðarinnar eins og segir í samantekt hennar, eru þær að gert er ráð fyrir að húsið verði hannað fyrir „náttúrulegan hljómburð“ og þannig miðað við að gera hljóðvist sem besta fyrir algengustu notkun.

Kostnaðaráætlunin sem lögð hefur verið fram svo ljúka megi byggingu Menningarhússins reiknast 472 mkr, brunabótamat hússins í því ástandi sem það er, er 553 mkr.. Brunabótamatið endurspeglar nálægt þann kostnað sem fer í að endurbyggja húseign. Það má því áætla að Svf. Árborg hafi nú þegar lagt til ríflega 550 mkr. í Menningarhúsið og nú er komið að ríkisvaldinu að leggja sitt af mörkum til verkefnisins. Ríkisvaldið hefur gefið fordæmi fyrir því hve hlutdeild þess er í kostnaði slíkrar byggingar og má í því samhengi nefna byggingu Hofs á Akureyri og Hörpunnar í Reykjavík. Hvorutveggja glæsilegar byggingar staðsettar í Höfuðborg Íslands og Höfuðstað Norðurlands. Nú vantar fé til lúkningar Menningarhúss í Höfuðstað Suðurlands, Selfossi.

Þorið þið, getið og gerið - kæru ráðherrar og þingmenn, það sem hver og einn ykkar hefur lofað okkur, að veita myndarlegu fjármagni til lúkningar Menningarhússins okkar í fjárlögum nú í haust svo koma megi því í blómlega menningarstarfsemi sem allra fyrst?

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Miðflokksins, varaformaður bæjarráðs og formaður Eigna- og veitunefndar í Svf. Árborg.

Komdu og reynsluaktu inn í haustið.

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

HAUST FAGNAÐUR

hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota laugardaginn 7. september kl. 12–16.



Komdu og gerðu góð kaup á Haustfagnaði Toyota á laugardag. Sjáðu allt það nýjasta í bílaflotanum okkar sem hefur aldrei verið glæsilegri.

Í Kauptúni býðst jafnframt einstakt tækifæri til að leigja Yaris, Corollu, Camry eða RAV4 á frábæru tilboði – einstakt leigutilboð sem aðeins er í boði á sýningunni í Kauptúni.

Heilsaðu upp á sölumenn okkar sem verða í sérlegum sölugír hjá söluaðilum okkar um allt land. Komdu fagnandi.



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Einstakt leigutilboð – aðeins í boði á sýningunni í Kauptúni.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LENSKA/SIA/IS/TOY 92554 09/19

LEIÐARI

Í brennandi heimi

Undanfarið hafa margir fylgst af aðdáun með hetjulegri baráttu sænsku unglingstúlkunnar Gretu Thurnberg fyrir aðgerðum í loftslagsmálum. Óhætt er að segja að hún sé fulltrúi kynslóðar sem stendur frammi fyrir því að erfa heim á heljarþröm, haldi sú þróun áfram sem nú stendur yfir á viðlíka hraða. Veröld sem brennur í orðsins fyllstu merkingu.

Manngerðar hamfarir blasa við og eru byrjaðar að hellast yfir í formi bráðnandi jökla, hrikalegra felllybylja og hækkandi hitastigs andrúmsloftsins. Afleiðingar iðnaðar og brennslu jarðefnaeldsneytis koma nú fram með skýrari hætti ár hvert þegar hitametin falla í röðum og hamfarahlýnunin verður greinilegri.

Vitundarvakning hefur vissulega átt sér stað um víða veröld. Því fer hinsvegar fjarri að ráðamenn heimsins hafi náð saman um róttækar aðgerðir til að koma í veg fyrir að heimurinn bókstaflega logi og hækkandi yfirborð sjávar sökkvi löndum og álfum. Þessi mál verða ekki leidd til lykta nema í gegnum samstarf og samkomulag þvert á þjóðir og ríki. Því verður lítið um aðgerðir og stór skref á meðan risaveldin hika og hörfa.

Ísland er ágætlega í stakk búið til að mæta nýjum tímum í orkunýtingu. Raforkuvæðing samgönguflotans á að geta gengið nokkuð greitt og innan tíðar á samfélagið að vera sjálfu sér nægt í orkumálum. Vegna hinna miklu auðlinda í formi fallvatna og jarðhita getur landið lagt mikið til málanna og sýnt fordæmi á mörgum sviðum þegar kemur að breyttum lífsháttum sem draga úr mengun og sóun.

Þröskuldar alvöru aðgerða í loftslags- og umhverfismálum eru stórveldin Bandaríkin og Kína. Þannig virðist Trump Bandaríkjaforseti ekki taka hættuna sem steðjar að heiminum alvarlega og gerir lítið úr þeirri hröðu og alvarlegu þróun sem blasir við síðustu áratugina þar sem hvert árið á fætur öðru er það heitasta í sögu mælinganna.

Komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum eru því afar mikilvægar í þessu samhengi. Frambjóðendur Demókrata leggja mikla áherslu á aðgerðir í loftslagmálum og mögulega kann lokasprettur baráttunnar um Hvíta húsið að hverfast að talsverðu leyti um þessi mál.

Gangi það ekki eftir og Donald Trump situr áfram við völd í mesta iðnríki heims verður váin enn hrikalegri. Kynslóð Gretu og þeir sem eldri eru verða að taka höndum saman um róttækar aðgerðir til að vekja leiðtoga heimsins til vitundar um nauðsyn nýrra lausna. Enda framtíð lífs á jörðinni undir.

Björgvin G. Sigurðsson.

Silja Dögg Gunnarsdóttir skrifar:

Auðlindirnar okkar

Umræðan um stefnumörkun í orkumálum og eignarhald og nýtingu auðlinda hefur verið í brennidepli síðustu misseri. Umræðan er mjög mikilvæg og hefur ýtt við stjórnvöldum um/í að setja skýrari stefnu varðandi eignarhald og nýtingu á jörðum og um að gerð verði breyting á lögum um vatnsréttindi, sem og að skoða breytingar á dreifingarkostnaði raforku með jafnræðissjónarmið að leiðarljósi.

Sama verð fyrir alla

Eitt verð fyrir dreifingu raforku, þ.e einn taxti fyrir dreifbýli og þéttbýli, og jafnvel sérstakur taxti fyrir garðyrkjuna, hafa einnig borið hátt í umræðuna. Að mínu mati er það réttlætismál að allir landsmenn greiði sama verð fyrir dreifingu raforku. Núverandi ríkisstjórn ætlar sér að breyta þessu, sem er vel. Og ef við ætlum raunverulega að verða sjálfbærari hvað matvælaframleiðslu varðar, fækka kolefnisfótsporum og tryggja endurnýjun og vöxt innan garðyrkjunnar, er mál til komið að taka pólitíska ákvörðun og hafa sérstaka taxta fyrir garðyrkjubændur. Það þætti mér vera framfaraskref.

Auðlindaákvæði í stjórnarskrá

Nú er ekkert ákvæði í stjórnarskrá Íslands um sameign þjóðarinnar á auðlindum þrátt fyrir að 80% þjóðarinnar hafi greitt atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um að þau vildu fá slíkt ákvæði. Auðlindaákvæði er nú loks komið í samráðsgátt Stjórnarráðsins og gerir ráð fyrir því að þessi þjóðareign verði undirstrikuð í stjórnarskrá. Vonandi myndast samstaða hjá þingheimi um að afgreiða ákvæðið þegar það kemur til afgreiðslu í þingsal.

Uppkaup á vatnsréttindum

Fyrir fáum árum síðan var lítil eftirspurn eftir bújörðum. Framsýnir fjárfestar sáu sér leik á borði og keyptu upp fjölmargar jarðir. Sumir eiga orðið umtalsverð jarðasöfn. Margir hafa áhyggjur af þessari þróun. Góðar bújarðir eru ekki endilegar nýttar sem slíkar. Aðgengi almennings hefur í sumum tilfellum verið takmarkað mjög, eitt dæmi um það er Mýrdalurinn. Við erum með hvað frjálslegasta löggjöf innan EES um þessi mál og gætum litið til annarra landa, hvort sem er Danmerkur, Noregs eða Írlands, um skýrari ramma. Það er tími til kominn að löggjafinn setji skýrari ramma um landakaup og ræði jafnframt hvort það sé eðlilegt að vatnsréttindi fylgi landsréttindum. Hér eru erlendir fjárfestar að fjárfesta fyrir á fimmta milljarð í vatnsverksmiðjum. Þeir eru að fjárfesta í vatnsréttindum og vatnsauðlindinni. Ég er ekki viss um að það þjóni hagsmunum Íslands til lengri tíma.

> *Nú er ekkert ákvæði í stjórnarskrá Íslands um sameign þjóðarinnar á auðlindum þrátt fyrir að 80% þjóðarinnar hafi greitt atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um að þau vildu fá slíkt ákvæði.*

Land er ekki „venjuleg“ fasteign

Við höfum ekki enn sett regluverk um kaup á landi og endurskoðað þar með þá löggjöf sem sett var fyrir fimmtán árum. Þá voru allar gáttir opnaðar, sem var ekki til bóta. Ríkisstjórnin hefur hins vegar í hyggju að setja aftur á slíkar reglur. Meðferð og notkun alls lands skiptir alla landsmenn máli, bæði nú og til framtíðar. Það felast miklir almannahagsmunir í ráðstöfun og meðferð lands og því geta ekki gilt sömu reglur um kaup og sölu á landi eins og á hverri annarri fasteign.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.

7. tölublað, 5. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Björgvin G. Sigurðsson, sími: 863-5518 netfang: sudri.heradsblad@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

VILTU AUGLÝSA Í SUÐRA? AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190

ÖRVAÐU GÓÐU BAKTERÍURNAR*

STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI

*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

Guðmundur Oddgeirsson skrifar:

Umhverfiskvíði barna

Umhverfiskvíði meðal barna fer vaxandi, jafnvel talað um ofsakvíða, og er það nema varla von á að annað gerist eins og barið er á með umhverfisumræðunni þessi misserin. Hvað heyra börnin og lesa um? Jörðin er að yfirhitna, lönd að sökkva og að öfgakennd veður muni vaða yfir landið sem og heiminn allan. Heyra að sótspor samgangna sé slíkt að við eigum að rafvæða einkabílinn, fólks- og vöruflutninga, skipin og að almenningur eigi að hætta að fljúga, helst núna strax. Þau eigi að hætta að borða kjöt og nýta afurðir af dýrum til að bjarga heiminum.

Ef við horfum aftur tímann, rúm 50 ár eða svo, þá var kvíði barna m.a. vegna kjarnorkusprengjurembings milli USA og USSR. Rætt var og skrifað um gereyðingamátt þessara vopna, sýndar myndir þegar öllu „lífi“ var eytt á svipstundu í tilraunasprengingum, gínur, hús og bílar sópuðust í burt út í buskann. Almannavarnaflautur þrumuðu óhljóðum yfir íbúana með reglulegu millibili og þá áttu allir að fletta upp í símaskránni til að sjá hvernig ætti að bregðast við kjarnorkustyrjöld. Svo leið þetta hjá í “bili”. Þegar ég var tíu ára las ég mér til mikillar skelfingar að innan sjö til tíu ára yrði jarðefnaeldsneyti uppurið, ég sem ætlaði að taka bílpróf eftir sjö ár. Svo leið þetta hjá, nóg til af þessu eldsneyti. Nokkru seinna átti landið að vera kólna, talað um lítla ísöld, Eyjafjallajökull var að skríða fram af brúnum sínum, Sólheimajökull skreið fram en Okið fór minnkandi svo eitthvað sé nefnt. Nú svo áttu allir að hætta að nota úðabrúsa vegna ósonlagsins, þynning þess myndi eyða lífi á jörðinni, sú umræða er liðin hjá. Að nota bréfpoka var ekki talið gott, betra væri að nota plastpoka til að eyða ekki skógum.

Hver er í raun staðan í að bjarga heiminum og framtíð afkomenda okkar. Búið er að ræsa í boðhlaup þar sem keppendur hlaupa með kjarnorkukefli sem getur sprengt alla keppendur í tætlur ef dagsformið er þannig. Þessi keppendur eru sjálfhverfir, vilja frekar drepast en að gefa eftir. Bandaríkjastjórn með forsetann í farabroddi blæs á alla umræðu um umhverfismál og kol eru grafin upp og nýtt sem aldrei fyrr þar í landi. Bretar eru að fragga (fracking gas) af miklum móð með allri þeirri mengun og umhverfisspjöllum sem því fylgir.

Þá eru aðrar risaþjóðir í mengunarmálum sem halda sínu striki með óbreyttri stefnu í þessum málum. Í Kína eru þó yfirvöld þar, tilneydd þar sem varla sést á milli húsa í sumum borgum vegna loftmengunar, farin að bregðast við að einhverju leiti með tilskipun um að loka skuli “litlum” gömlum kolaverum sem menga mikið og að nýta skuli hitann sem kemur frá risaverksmiðjum til að hita upp borgir. Ekki má gleyma gríðarlegri mengun vegna hernaðarbrölts sem er sér kapituli út af fyrir sig og fer lítið fyrir í umræðunni.

Matvæli eru flutt heimshorna á milli, við hér á Íslandi viljum fá vínber allt árið og það er býsnast yfir þessari tilætlunarsemi okkar. En við lifum líka á þessum heimshornaflutningi, fiskurinn okkar er fluttur til kaupenda víða um heim, með flugi og skipum. Meira að segja er verið að flytja út vatn til staða þar sem er ekki skortur á vatni og líka heim til Íslands þar sem vatn drýpur úr hverjum krana.

Notkun á jarðefnaeldsneyti til húshitunar Íslandi er hverfandi. Fram hafa komið tölur um að einkabíllinn er talinn eiga um 6% af losun gróðurhúsalofttegunda. Samvæmt fréttum á RÚV 31/8/2019 kemur fram að bara með endurgangssetningu kíslilverksmiðjunnar í Helguvík, sem er í eigu Arionbanka, þá aukist mengun vegna gróðurhúsaloftegunda á Íslandi um 10%, mengunin verði 33% af heildarlosuninni ef önnur tvö áform á þessum stað verða veruleika. Þarna er bara verið að fjalla um einn stað, Helguvík, og þá er eftir að bæta við hinum stóriðjunum á suðvestur-, norðurlandi og á austfjörðum.

Svo er það flugið, ferðamanna-þjónustan lifir á því að ferðamaðurinn komi með flugi og ekki er raunhæft fyrir okkur eyjabúa að ferðast til annara landa en með flugi. Vöruskipti fara fram með skipum og í flugi, eðlilega höfum ekki við val um að vörur séu fluttar með járnbrautarlestum milli landa.

Tal um að mengun frá stóriðjum og flugi sé í allt öðru bókahaldi þegar rætt er um þessi mál er að mínu mati ekki rétt nálgun, skekkir alla umræðu um hvað skuli gera með “litla” sem útaf stendur. Þessi mengun verður til hér á landi. Sést hefur skrifað að Íslendingar mengi þjóða mest miðað við höfðatölu og þá er eðlilega verið að horfa á allan pakkann en ekki draga frá það sem er í öðru bókhaldi.

Við búum á eyju langt út í norður Atlantshafi og því verður sótspor okkar meira en þeirra sem búa á meginlandi, megnið af neysluvöru okkar er innflutt.

Ísland er bara eins og einn dropi í þessum mengunarmálum, þó svo að við leggðum niður örþjóðina, hættum að byggja landið og tækjum aftur upp hugmyndina um að flytja þjóðina á Jótlandsheiðar myndi ekki breyta neinu í þessari heimsjöfnu.

Við byggjum ekki upp framtíðarsýn afkomenda okkar með tvískinningi, segja eitt í núna og annað á eftir. Hvað á segja við börnin, eigum við að gefa þeim von eða segja eins og skáldið “þið munuð öll deyja”?

Guðmundur Oddgeirsson,
bæjarfulltrúi Ölfusi.

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
KRONEN Nahrungsmitteltechnik

Grænmetis-vinnsluvélar

Þurrkvinda

Beltaskurðarvél

Skurður: teningar, ræmur sneiðar

Grænmetisskol

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300
verslun@verslun.is

VILLIBRÁÐ Á FOSSHOTEL VATNAJÖKLI

12. október, kl. 19:00

TILBOÐ!
Villibráðarhlaðborð, gisting og morgunmatur
15.950 kr
á mann

Úlfar Finnbjörnsson - þekktasti villibráðarkokkur landsins fer austur og verður með einstakt villibráðarhlaðborð, laugardaginn 12. október á Fosshotel Vatnajökli.

Hlaðborð: 11.900 kr
Borðapantanir: Sími 478 2555
eða vatnajokull@fosshotel.is

islandshotel.is/fosshotel-vatnajokull

Jólahlaðborð á Fosshotel Vatnajökli

Laugardagana 7. og 14. des.
Húsið opnar kl 18:00
Borðhald hefst kl 19:00

Hlaðborðið á mann 9.900 kr.
Borðapantanir: Sími 478 2555
eða vatnajokull@fosshotel.is

Gisting, morgunverður og jólahlaðborð verð á mann aðeins 15.500 kr.*

· Gildir fyrir tvo í standard herbergi
· Aukanótt 10.500 kr. á mann

*Verð í eins manns herbergi 18.900 kr.

FOSSHOTEL
VATNAJÖKULL

Hvergerðingar í Þórsmörk

Félag eldri borgara í Hveragerði var stofnað 27. febrúar 1983. Kosið var í fyrstu stjórn félagsins þar sem Alda Andrésdóttir var kosin formaður. Félagsstarfið hefur í gegnum árin verið fjölþætt og kraftmikið.

Miðað við fundargerðabækur hafa félagar og stjórnarfólk unnið ótrúlega fórnfúst starf í mörg ár svo sem; Laufey Valdimarsdóttir, Alda Andrésdóttir, Auður Guðbrandsdóttir, Guðrún Brynjólfsdóttir, Jón Guðmundsson og Egill Gústafsson svo nokkur séu nefnd.

Kristín Dagbjartsdóttir er nú varaformaður félagsins og starfandi formaður sem og formaður ferðanefndar félagsins en félagið fer nokkrar ferðir á ári hverju.

Þórsmörk

Ein af ferðum ferðanefndar Félags eldri borgara í Hveragerði á árinu 2019 var í Þórsmörk þann 24. júlí og voru þátttakendur í ferðinni nær 40 talsins. Farið var með rútu frá -ÞÁ- bílum á Selfossi og bílstjóri var Baldur Ólafsson á Hvolsvelli. Leiðsögumaður var Einar G. Magnússon á Hvolsvelli, sem ólst upp í Fljótshlíðinni og er sérlega vel kunnugur öllum staðháttum á svæðinu og með söguna alveg á hreinu. Áð var á svæði Útivistar í Básum þar sem Félag eldri borgara í Hveragerði bauð til grillveislu. Á eftir voru sungin nokkur lög og var vel tekið á söngnum í Þorsmerkurljóði Sigurðar Þórarinssonar, jarðfræðings.

Hlíðarendakot

Á heimleiðinni var ekið um Fljótshlíðina þar sem leiðsögumaðurinn var sannarlega á heimavelli. Stoppað var í Hlíðarendakoti og gengið að minnisvarðanum um Þorstein Erlingsson skáld, sem fæddur var að Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum en ólst upp hjá ömmu sinni í Hlíðarendakoti. Við minnisvarðann var sungið „Í Hlíðarendakoti“ (Fyrr var oft í koti kátt) við lag Stokkseyringsins Friðriks Bjarnason.

Menningarviðurkenning Hveragerðis

Þann 17. júní sl. á menningarhátíð Hveragerðis, hlaut Félag eldri borgara í Hveragerði menningarverðlaun Hveragerðisbæjar árið 2019 með kærum þökkum fyrir einstakt framlag til menningar og lista í Hveragerði.

Björn Ingi Bjarnason á Eyrarbakka færði Þórsmerkurferðina til myndar.

„Harmleikur sem minnir á Guðföðurinn“

Út er komin hjá Veröld spennusagan Blóðbönd eftir þá Roslund og Thunberg



Fjórtán ára gamall drengur hreinsar blóði drifna forstofuna heima hjá sér eftir að faðir hans hafði misþyrmt móður hans. Hann þarf nú að sjá um yngri bræður sína tvo meðan faðirinn er í fangelsi og móðirin liggur á spítala. Neyðin rekur hann út í fyrsta ránið sem hann fremur. Og þau eiga eftir að verða fleiri.

Mörgum árum síðar er honum sleppt úr fangelsi. Hann hefur greitt skuld sína við samfélagið – en hann á sér draum: að framkvæma hið fullkomna rán og komast yfir gífurlega fjármuni. Sér til trausts og halds hefur hann bróður lögreglumannsins sem kom honum í fangelsi. Æsispennandi atburðarás fer af stað – en margt fer á annan veg en hann hafði hugsað sér.

Úrvals spennusaga úr smiðju þeirra Roslunds og Thunbergs sem hlutu fjölda viðurkenninga fyrir bók sína Dansað við björnin sem var m.a. tilnefnd til The International Daggar Award sem besta evrópska spennusagan.

Húsið okkar brennur

Höfundar: Malena Ernman, Svante Thunberg, Greta Thunberg, Beata Ernman, Eyrún Edda Hjörleifsd. þýddi

Greta Thunberg hefur verið á allra vörum síðan hún hóf verkfallsbaráttu sína til að þrýsta á aðgerðir í loftslagsmálum. En hvernig varð sænsk unglingsstúlka, sem hafði ekki getað talað við neinn utan fjölskyldunnar í mörg ár, að heimsþekktri baráttu- og ræðukonu?

Í þessari bók segja hún og fjölskylda hennar sögu sína, sögu af daglegu lífi sem snýst um Aspergerheilkenni, átröskun, ADHD, óperusöng og – ekki síst – umhverfisvernd. Húsið okkar brennur er einlæg og óhefðbundin frásögn af glímu fjölskyldunnar við óvægið samfélag nútímans. Það er móðir Gretu, Eurovisionstjarnan Malena Ernman, sem lýsir því hvernig dóttir hennar yfirsteig mikla erfiðleika til að berjast gegn stærstu ógn sem nokkurn tímann hefur steðjað að mannkyninu.

Eyrún Edda Hjörleifsdóttir þýddi.

Vel heppnað Íslandsmeistaramót í bogfimi haldið á Stóra-Núpi

Íslandsmeistaramót utanhúss 2019 í bogfimi var haldið á Stóra-Núpi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi dagana 19.-21. júlí. Keppt var á trissuboga, sveigboga, berboga, í eldri og yngri flokkum og jafnframt í alþjóðlegum flokki. Í frétt frá Bogfiminefnd ÍSÍ á archery.is er talað um að mótið hafi verið best heppnaða Íslandsmótið hingað til og er það þakkað sjálfboðaliðum sem störfuðu á mótinu og við undirbúning þess. Streymt var frá keppninni og hægt að fylgjast með henni í beinni útsendingu.

Íslandsmeistarar í karlaflokki 2019 eru allir frá Bogfimifélaginu Boganum í Kópavogi þeir eru: Rúnar Þór Gunnarsson í trissuboga, Guðmundur Guðjónsson í ólympískum sveigboga og Ólafur Ingi Brandsson í berboga. Íslandsmeistarar 2019 í flokki kvenna eru: Ewa Ploszaj í BF Boganum í Kópavogi í trissuboga, Guðný Eyþórsdóttir í SKAUST (Skotfélagi Austurlands) í ólympískum sveigboga og Guðbjörg Reynisdóttir í BF Hróa Hetti í Hafnarfirði í berboga. Sjá má nánari umfjöllun, um mótið m.a. um Íslandsmet sem voru sett, erlenda þátttakendur og yngri flokka á vefnum https://archery.is/

Mótið var haldið á velli sem Gunnar Þór Jónsson hefur komið upp og er aðstaðan þar til bogfimiðkunar orðin góð. Stóra-Núps Meistaramótið í bogfimi fór fram á vellinum 23. -25. ágúst.

Rúnar Þór Gunnarsson vann Íslandsmeistaratitil í trissuboga.

Á myndinni má sjá verðlaunahafa í yngri flokkum og eldri en 50.

Fjöldi sjálfboðaliða lagði mikið af mörkum á mótinu.

VIÐ ÓSKUM BIKARMEISTURUM SELFOSS TIL HAMINGJU MEÐ AFREKIÐ

BORGARVERK

Rangárþing eystra

VÉLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS

Árvirkinn

SET
Set ehf • Röraverksmiðja • Selfossi

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í orðamó eftir Sigurð Ingólfsson

Í orðamó heitir ný ljóðabók eftir Sigurð Ingólfsson skáld og bókmenntafræðing. Þetta er níunda bók höfundar. Bókin skiptist í þrjá kafla. Í miðkaflanum, sem ber heitið Tjarnarbraut, eru 26 hækur um vegferð mannsins og kærleikann. Hækukaflinn er prýddur líflegum litmyndum höfundar.

Í þriðja erindi kvæðisins Yrkja í fyrsta hluta bókarinnar segir:
Rímið flissar
undir sófanum,
kíkir næstum því feimið
fram í stofuna
þar sem virðast vera slagsmál.
Stuðlarnir eru með eintóma stæla
höfuðstafurinn bíður í stóískri ró.
Svo glottir rímið
og laumast burt
líklegast inn í búr
af því það veit
að í neyð
er kallað á það.

Bókinni fylgir forn bölvun sem lögð er á bókaþjófa þar sem þeim er lofað eilífum vítislogum og að hver stolin blaðsíða verði sem spóluormur í sálu þjófsins.



Tásurnar – ljóð þriggja skálda

Ljóðahópinn Tásurnar skipa þau Ágúst Ásgeirsson, Jóhann G. Thorarensen og Jóna Guðbjörg Torfadóttir. Í þessari bók gefur að líta afrakstur hátt í sex ára ljóðasamstarfs þeirra. Yrkisefnin eru fyrirfram valin, ólík og óvænt, og hefur hvert skáld sinn háttinn á. Í bókinni er að finna töluvert af kaffi og bakkelsi, en einnig ýmsilegt sterkara. Skáldin yrkja um ást, æsku og örlög en einnig skáldskapinn sjálfan og stellingarnar sem þarf til að nálgast hann.

Ákveðin þemu og orð skjóta upp kollinum í ljóðum þeirra allra, en nálgunin er gjarnan gjörólík. Úr verður mis¬munandi sýn á sömu hluti, séð frá annarra tám.



Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

dk Pos afgreiðslukerfi

fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.
Við erum sérfræðingar í afgreiðslukerfum.

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

hugbúnaður

Kvikmyndahátíð á Eyrarbakka

Brim kvikmyndahátíð hefst á Eyrarbakka þann 28. september og fjallar hún um plast og áhrif þess á umhverfið. Guðmundur Ármann er umsjónarmaður hátíðarinnar og segir í samtali við Suðra að hann hafi fengið þá hugmynd að hrinda í framkvæmd kvikmyndahátíð á Eyrarbakka, þar sem fjallað verður um plast og áhrif þess á umhverfið og okkur. „Við verðum með með 3 erlendar kvikmyndir, fræðsluerindi og er að reyna að draga samfélagið sem mest inn í verkefnið, s.s. með kvikmyndasýningum í heimahúsum, samstarfið við Barnaskólann, Litla Hraun og fleira, segir Guðmundur.

Kvikmyndasýningar verða haldnar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka og eru þær opnar og ekki þörf á að skrá sig fyrirfram aðeins að mæta og njóta. Það er ókeypis á allar sýningar og viðburði.

Kvikmyndasýningar verða einnig haldnar á heimilum íbúa og á þær er nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram. Þannig getur fólk notið fræðslu og samveru á nýjum stað með forvitnilegu og skemmtilegu fólki. Á einu heimili eru mögulega tveir gestir og á öðru tuttugu gestir.

Unglingastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri mun sýna stuttmyndir og annað miðlunartengt efni er varðar plastmengun sjávar. Verkefni nemenda verða unnin með samþættingu námsgreina, þ.e. náttúrufræði, ensku og upplýsingatækni. Verkefni nemenda eru hluti þeirra kvikmynda og fræðsluefnis sem sýnt verður á BRIM kvikmyndahátíð.

Fangelsið Litla Hrauni tekur þátt í verkefninu og verður kvikmyndasýning fyrir fanga hluti af hátíðinni. Litla Hraun er eitt þeirra „heimila“ sem mun bjóða almenning að koma og horfa á eina af myndum hátíðarinnar. Að lokinni sýningu á Litla Hrauni verður fræðsluerindi en þá mun aðili frá fangelsinu segja frá því hvernig fangelsið vinnur að umhverfismálum.

Fræðsluerindi verða í boði á hátíðinni og er ekki nauðsynlegt að skrá sig á þau. Markmiðið er að fræða um þann vanda sem plastnotkun og plastmengun er bæði á heimsvísu og í okkar nærumhverfi.

Einnig er horft til lausna og verður sagt frá því starfi sem verið er að vinna á því sviði.

www.brimkvikmyndahatid.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

HAUSTTILBOÐ

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GRAFSKRIFT

minnismerki.is

113
41x60 cm frá sökkli

66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

111
41x60 cm frá sökkli

66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli

120 cm sökkull
GRÁR - 215 þúsund
Með lugt og vasa 285 þúsund
Með lugt, vasa og blómaramma 385 þúsund

110
100x57 frá sökkli

130 cm sökkull
GRÁR - 290 þúsund
með lugt og vasa 360 þúsund
Með lugt og vasa og blómaramma 460 þúsund

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is Uppsetningar á N-landi og höfuðborgarsvæði

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði



AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

Snorralaug · Gvendarlaug · Grettislaug · Unnarlaug · Geirslaug

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 863 5518 og
sudri.heradsblad@gmail.com

SUÐRI
HÉRAÐSFRÉTTABLAÐ

7. tölublað
5. árgangur

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

UNICEF í átaki gegn ofbeldi á börnum

Sveitarfélögin á Árborgarsvæðinu fengu góða heimsókn fimmtudaginn 22. ágúst 2019. Róðrakappinn Einar Hansberg Árnason mætti á Selfoss um hádegi og þaðan var ferðinni heitið í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Stokkseyri.

Þetta er liður í því að vekja athygli á málefninu og styðja baráttu UNICEF á Íslandi gegn ofbeldi á börnum. Einar stoppar í 36 sveitarfélögum á leið sinni til að róa, skíða eða hjóla 13 þúsund metra í hverju þeirra, einn meter fyrir hvert barn sem verður fyrir ofbeldi fyrir 18 ára aldur á Íslandi.

Markmiðið er að þrýsta á sveitarfélög til að innleiða heildstætt verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu. UNICEF skorar á stjórnvöld, sveitarfélög og almenning til að finna leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldi og bregðast við ef grunur leikur á að ofbeldi eigi sér stað.

Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar, heilsaði upp á Einar og aðstoðarfólk hans og upplýsti þau um að þessa dagana væri einmitt verið að endurskoða verklag og auka þverfaglegt samstarf milli deilda fjölskyldusviðs. Undir fagsviðinu eru m.a. barnavernd og ráðgjafarþjónusta, stoð- og stuðningsþjónusta, forvarnarmálin, menningar- og frístundaþjónusta, skólaþjónusta sem og leik- og grunnskólar sveitarfélagsins.

BÓNFEÐGAR
Sími: 482 2327 / 848 2327 - Gagnheiði 51 - Selfossi
Þvottur - Djúphreinsun
Bón - Mössun - Vélaþvottur